

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 312/2005, um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2005-2006.

1. gr.

Í stað 3. mgr. 1. gr. reglnanna, sem fjallar um fjöldatakmörkun í læknadeild, koma þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í geislafræði, háskólaárið 2005-2006, takmarkast við töluna 10.

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í lífeindafræði, háskólaárið 2005-2006, takmarkast við töluna 15.

Um framkvæmd fjöldatakmörkunar í læknadeild gilda annars vegar reglur nr. 1042/2003, um inntöku nýnema í lækisfræðiskor og sjúkrahjálfunarskor og hins vegar reglur nr. 540/2005, um val nemenda til náms í geislafræði og lífeindafræði. Reglurnar eru aðgengilegar á vef læknadeildar.

2. gr.

Fyrstu tveir málsliðir E-liðar 4. gr. reglnanna, sem fjallar um inntöku nemenda í meistaranám í náms- og starfsráðgjöf, breytast og verða svohljóðandi:

Fjöldi nýrra nemenda í meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf (til M.A.-gráðu eftir viðbótar- eða diplománám, 30 einingar) takmarkast við töluna 25. Miðað er við að álíka margir nemendur verði teknir inn í fullt nám og hlutanám.

3. gr.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett, að fenginni tillögu viðkomandi háskóladeilda og á grundvelli heimildar í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, gilda fyrir háskólaárið 2005-2006.

Háskóla Íslands, 25. maí 2005.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUR

um val nemenda til náms í geislafræði og lífeindafræði við læknadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Ákvörðun um fjöldatakmörkun.

Læknadeild leggur fyrir háskólaráð, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur um fjölda stúdenta sem unnt er að taka til náms í geislafræði og lífeindafræði. Skal beiðni frá deildinni, þar að lútandi, send háskólaráði fyrir lok nóvember. Háskólaráð afgreiðir tillögur læknadeildar eigi síðar en í febrúar.

Ef fjöldatakmörkun er ákveðin fer val stúdenta til náms fram í samræmi við eftirfarandi ákvæði um fyrirkomulag og niðurstöður samkeppnisprófa.